

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi fyrir hafnarsvæðið í Þorlákshöfn, Sveitarfélaginu Ölfusi, sem áður var samþykkt 1. nóvember 2006.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss, þann 29. nóvember 2012, samþykkt breytingu á deiliskipulagi fyrir hafnarsvæðið í Þorlákshöfn. Engar athugasemdir bárust á auglýsingartímanum sem var til 16. janúar 2013.

Meginbreytingin er innan reits sem er merktur 2.1, er tekur til lóðarsvæðisins við Hafnarskeið 10 og Hafnarskeið 12. Um er að ræða að sameina tvær lóðir í eina og stofna nýja lóð. Með sameiningunni er verið að heimila stækkun á byggingarreit og aðra stefnu á mænisási frá gildandi deiliskipulagi. Innan lóðar nr. 12 er sýndur byggingarreitur til byggingar vöruskemmu.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

F.h. Sveitarfélagsins Ölfuss, 8. febrúar 2013,

Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 22. febrúar 2013